



ÚRVINNSLUSJÓÐUR

Ársskýrsla 2016

Úrvinnslusjóður

Ársskýrsla - 2016

1.	Aðfaraorð formanns	7
2.	Starfsemi Úrvinnslusjóðs árið 2016	8
2.1	Stjórn og starfsmenn	8
2.2	Hlutverk og verklag	8
2.3	Fjöldi þjónustuaðila og ráðstöfunaraðila	9
2.4	Breytingar á greiðslum til þjónustuaðila	9
2.5	Markmið um söfnun og endurvinnslu	10
2.6	Lagabreytingar	11
2.7	Erlend samskipti	11
2.8	Veiðarfærasamningur	11
2.9	Álagning og breyting á úrvinnslugjaldi	12
3.	Ársreikningur Úrvinnslusjóðs 2016	13
	Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings	14
	Áritun ríkisendurskoðanda	15
	Rekstrarreikningur árið 2016	16
	Efnahagsreikningur 31. desember 2016	17
	Sjóðstreymi árið 2016	18
	Reikningsskilaaðferðir	19
	Uppgjör ársins 2016 eftir vöruflokkum	24
4.	Rekstur Úrvinnslusjóðs	27
	Rekstur Úrvinnslusjóðs og rekstraryfirlit einstakra vöruflokka	27
	Olíuvörur	28
	Lífræn leysiefni	29
	Halógeneruð efnasambönd	30
	Ísósýanöt	31
	Olíumálning	32
	Prentlitir	33
	Rafhlöður	34
	Rafgeymar	35
	Framköllunarvökvar	36
	Kvikasilfurvörur	37
	Varnarefni	38
	Kælimiðlar	39
	Hjólbarðar	40
	Pappaumbúðir	41
	Raf- og rafeindatæki	42
	Plastumbúðir og heyrúlluplast	44
	Ökutæki	45

Rekstur Úrvinnslusjóðs árið 2016 var með hefðbundnum hætti. Árið 2016 var fyrsta heila árið þar sem ný skipan stjórnar var við lýði, 7 manna stjórn auk varamanna en á fyrri árum voru ekki skipaðir varamenn. Enn sem fyrr hefur atvinnulífið meirihluta í stjórninni en fulltrúar sveitarfélaganna og formaður skipaður af ráðherra hafa þar áhrif.

Tekjur sjóðsins hækkuðu frá fyrra ári um rúmar 100 milljónir króna en útgjöld jukust um rúmar 200 milljónir. Enn er ástæða til að vekja athygli á að sveiflur í hagkerfinu valda sveiflum í innflutningi sem ekki fara saman við sveiflur í úrvinnslumagni. Úrvinnsla vöruflokka er með mismunandi hætti, sumir flokkar koma ekki til úrvinnslu fyrr en nokkrum árum eftir að þeir eru teknir í notkun. Í slíkum tilvikum er álagning innheimt áður en til útgjalda kemur, má t.d. nefna hjólbarða og rafgeyma. Í ársskýrslu 2012 var fjallað nokkuð ítarlega um ábyrgð og fjárskuldbindingar sjóðsins og ekki ástæða til að endurtaka það hér.

Rétt er að benda á að rekstrarform sjóðsins hefur leitt til fjölgunar fyrirtækja við þjónustu og ráðstöfun við söfnun og endurvinnslu úrgangs. Ekki er ólíklegt að sú fjölgun muni halda áfram og endurvinnsla úrgangs verði vaxandi atvinnurekstur.

Við verðum vör við að í sumum löndum horfa menn með athygli á það rekstrarform sem Íslendingar hafa á Úrvinnslusjóði. En aðstæður í löndum geta verið mjög mismunandi, landslag, fólksfjöldi, fjarlægðir flutningaleiða o.s.frv. geta haft áhrif.

Þróun í úrvinnslu, endurvinnslu og endurnýtingu er ör í heiminum í dag. Rætt er um „hringrænt hagkerfi“ og tengsl úrvinnslu við áherslur á umhverfismál eru vaxandi. Stundum vaknar sú spurning hvort rekstrarform Úrvinnslusjóðs geti átt við á fleiri sviðum en hann starfar á nú.

Framundan þarf sjóðurinn að snúa sér fastar að úrvinnslu glerúrgangs og vinna frekar að endurvinnslu plastúrgangs. Heimurinn stendur frammi fyrir ævintýralegum vandamálum vegna gríðarlegs magns plastúrgangs. Vera má að ástæða sé til að endurskoða lögin um úrvinnslugjald og gera honum þannig kleift að stuðla að frekari þróun í úrvinnslu og endurvinnslu plasts. Vera má að starfssemi Úrvinnslusjóðs ætti að tengjast sterkar við umhverfisvernd.

Úrvinnslugjaldi er ekki ætlað að hafa áhrif á neyslustýringu í öðrum mæli en þeim að úrvinnslugjald getur verið mishátt eftir kostnaði við endurvinnslu vöruúrgangs og þannig haft áhrif á verð. Undanfarið hafa markaðir í Kína fyrir endurvinnsluefni

úr plasti þrengst og verðþróun verið óhagstæð. Þarna eru vandamál á ferðinni sem hafa þarf augun á.

Talsverð umræða hefur farið fram á undanförunum mánuðum um fjölpóst og þá endurvinnslu pappírs almennt. Horfa menn þá til fjölpósts sem borinn er út og dreift óumbeðið til heimila og á bensínstöðvar, í verslanir og á veitingastaði.

Heimurinn breytist ört og þær breytingar munu koma til með að hafa áhrif á starfsemi Úrvinnslusjóðs á komandi árum.

Fjárhagur sjóðsins er traustur en hafa þarf vakandi auga á sveiflu í innflutningi og kostnaði við úrvinnslu. Fylgja verður ákvæðum laga um jafnvægi í deilisjóðum og stýra álagningu úrvinnslugjalds á þann veg að það hvetji til söfnunar og úrvinnslu.

Úrvinnslusjóður hefur átt ágætt samstarf við umhverfis- og auðlindaráðuneytið á liðnum árum sem og við aðrar stofnanir ríkisins, sveitarfélaga og hagsmunaaðila atvinnulífsins.

Sérstaklega vil ég þakka starfsfólki sjóðsins og stjórn mikið og gott starf.

Guðm. G. Þórarinsson

Formaður stjórnar Úrvinnslusjóðs.

STARFSEMI ÚRVINNSLUSJÓÐS ÁRIÐ 2016

Lög um úrvinnslugjald nr. 162 voru samþykkt á Alþingi 22. desember árið 2002. Með þeim var Úrvinnslusjóður stofnaður en jafnframt felld úr gildi lög um spilliefnagjald og starfsemi Spilliefnanefndar, en Úrvinnslusjóði fengin þau verkefni sem Spilliefnanefnd annaðist.

Úrvinnslusjóður fer með umsjón úrvinnslugjalds. Í lögum um Úrvinnslusjóð er gert ráð fyrir að umhverfis- og auðlindaráðherra setji nánari reglur um úrvinnslugjaldið og Úrvinnslusjóð. Það var gert þann 28. mars 2003 með reglugerð nr. 227/2003. Ný reglugerð nr. 501/2003 kom í hennar stað og tók gildi 30. júní 2003.

2.1 STJÓRN OG STARFSMENN

Með breytingu á lögum um úrvinnslugjald nr. 162 um mitt ár 2015 var stjórnarmönnum fjölgað í sjö og gert ráð fyrir varamönnum. Íkjölfarið skipaði umhverfis- og auðlindaráðherra, 19. ágúst 2015, sjö manna stjórn Úrvinnslusjóðs ásamt varamönnum, til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann stjórnar án tilnefningar, en sex meðstjórnendur og varamenn skulu skipaðir að fenginni tilnefningu frá eftirtöldum aðilum:

Stjórn Úrvinnslusjóðs 2016	
Skipaður af ráðherra	Guðmundur G. Þórarinnsson, stjórnarformaður
Samtök iðnaðarins	Bryndís Skúladóttir, varaformaður
Samtök íslenskra sveitarfélaga	Byndís Gunnlaugsdóttir
Samtök íslenskra sveitarfélaga	Lúðvík E. Gústafsson
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi	Guðfinnur G. Johnsen
Félag atvinnurekenda	Hlíðar Þ. Hreinsson
Samtök verslunar og þjónustu	Lárus M. K. Ólafsson
Varamenn stjórnar 2016	
Samtök iðnaðarins	Árni Jóhannsson
Samtök íslenskra sveitarfélaga	Freyr Ævarsson
Samtök íslenskra sveitarfélaga	Hrefna B. Jónsdóttir
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi	Guðbergur Rúnarsson
Félag atvinnurekenda	Halldór Haraldsson
Samtök verslunar og þjónustu	Dagbjört Vestmann Birgisdóttir

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs eru fimm.

2.2 HLUTVERK OG VERKLAG


Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess. Hann beitir hagrænum hvötum til að koma á skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem stafar frá vöruflokkum sem falla undir lög um úrvinnslugjald. Sjóðurinn leitast við að skapa sem hagkvæmust skilyrði til úrvinnslu úrgangs og semur um úrvinnslu hans á grundvelli útboða eða verksamninga.

Stjórn sjóðsins leggur fram tillögur til ráðherra, eftir því sem við á, um breytingar á fjárhæð úrvinnslugjalds, nýjar gjaldskyldar vörur og fjárhæð úrvinnslugjalds á þær. Við gerð tillagna að nýjum gjaldskyldum vörum og undanþágu frá gjaldskyldu skal taka mið af skuldbindingum og stefnumörkun stjórnvalda í úrgangsmálum.

Hráefni og orka til vöruframleiðslu eru oft takmarkaðar auðlindir sem ber að fara eins sparlega með og kostur er. Úrgangur, sem verður til við vörunotkun eða þegar vörur hafa þjónað tilgangi sínum, rýrir oft náttúruleg gæði.

Hin síðari ár hefur verið lögð æ meiri áhersla á að vöruhringrásin sé eins lokuð og kostur er og að notkun hráefna og orku sé í lágmarki.

Vöruhringrás



Úrvinnslusjóður vinnur að því að sem minnst falli út úr vöruhringrásinni og stuðlar að sem mestri endurnýtingu og endurvinnslu. Úrvinnslugjald er notað til að greiða fyrir meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöðvum, flutning, endurnýtingu, endurvinnslu eða förgun með eða án skilagjalds.

2.3 FJÖLDI VIRKRA ÞJÓNUSTU- OG RÁÐSTÖFUNARAÐILA ÁRIÐ 2016 OG FRÁ UPPHAFI

Vöruflokkur	Fjöldi þjónustuaðila		Fjöldi ráðstöfunaraðila	
	2016	Frá upphafi	2016	Frá upphafi
Pappa- og pappírsumbúðir	14	22	3	17
Plastumbúðir (án heyrulluplasts)	14	21	5	20
Heyrulluplast	13	24	4	19
Heyrulluplast, bændur		54		
Hjólbarðar	10	22	3	23
Spilliefni	5	6	12	24
Raftæki	9	9	5	5

2.4 BREYTINGAR Á GREIÐSLUM TIL ÞJÓNUSTUAÐILA 2016

Flutningsjöfnun	
01.04.16	Flutningsjöfnun fyrir spilliefni hækkar
01.11.16	Breytingar á flutningsjöfnun fyrir hjólbarða þegar Kalka dettur út sem ráðstöfunaraðili
Endurgjald	
01.01.16	Endurgjald vegna raf- og rafeindatækja hækkar
01.04.16	Endurgjald vegna spilliefna hækkar
01.06.16	Endurgjald vegna raf- og rafeindatækja hækkar
01.07.16	Endurgjald vegna spilliefna hækkar



STARFSEMI ÚRVINNSLUSJÓÐS ÁRIÐ 2016

2.5 MARKMIÐ UM SÖFNUN OG ENDURVINNSLU

Umbúðir úr pappa, pappír og plasti

Í reglugerð 609/1996 um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs, með síðari breytingum, kemur fram að endurvinnsla pappa- og pappírsumbúða skal vera 60% og plastumbúða 22,5% eftir 31. desember 2011. Eingöngu er tekið mið af plasti sem er endurunnið í plast.

Á mynd 2.5.1 sést yfirlit yfir magn pappa- og pappírsumbúða sem settar eru á markað, endurvinnslu og endurvinnsluhlutfall. Endurvinnsluhlutfall ársins 2016 var 83% og ársins 2015 84%.

Á mynd 2.5.2 sést yfirlit yfir magn plastumbúða sem settar eru á markað, endurvinnslu og endurvinnsluhlutfall. Í magntölum eru plastumbúðir sem lagt er á úrvinnslugjald, heyrúlluplast og skilagjaldsumbúðir. Hlutfall plastumbúða sem sent var til


flokkunar og endurvinnslu var 44% árið 2016 og 38% árið 2015.

Rafhlöður, rafgeymar og blýsýrurafgeymar

Í reglugerð 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma, með síðari breytingum, kemur fram að Úrvinnslusjóður skuli að lágmarki ná 25% söfnunarhlutfalli færanlegra rafhlaðna og rafgeyma eigi síðar en 26. september 2012 og 45% eigi síðar en 26. september 2016.


Á mynd 2.5.3 sést yfirlit yfir magn rafhlaðna og rafgeyma sem settar eru á markað, söfnun og söfnunarhlutfall. Söfnunarhlutfall hvers árs er hlutfall af magni rafhlaðna sem safnað er á árinu deilt með meðalmagni rafhlaðna og rafgeyma sem settar eru á markað á árinu og næstu tveimur árum þar á undan. Blýsýrurafgeymar eru ekki taldir með. Söfnunarhlutfall rafhlaða og rafgeyma var um 31% árið 2016 og um 33% árið

MYND 2.5.1




Tölur um magn pappa- og pappírsumbúða sem settar eru á markað, endurvinnslu og endurvinnsluhlutfall. Magntölur eru í tonnum

MYND 2.5.2




Tölur um magn plastumbúða sem settar eru á markað, endurvinnslu og endurvinnsluhlutfall. Magntölur eru í tonnum

MYND 2.5.3



Tölur um magn rafhlaðna og rafgeyma sem settar eru á markað, söfnun og söfnunarhlutfall. Magntölur eru í tonnum

MYND 2.5.4



Tölur um magn blýsýrurafgeyma sem settir eru á markað, söfnun og söfnunarhlutfall. Magntölur eru í tonnum

2015. Á mynd 2.5.4 sést yfirlit yfir magn blýsýrurafgeyma sem settir eru á markað, söfnun og söfnunarhlutfall.

Raf- og rafeindatæki

Í reglugerð 1104/2008 um raf- og rafeindatækjaúrgang, með síðari breytingum, kemur fram að meðhöndla skuli allan raf- og rafeindatækjaúrgang sem safnað er og að stefnt skuli að því að safna og meðhöndla að lágmarki 6 kg af raf- og rafeindatækjaúrgangi á hvern íbúa á ári.

Söfnun raf- og raftækjaúrgangs var um 4.389 tonn árið 2016 og 3.850 tonn árið 2015. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru íbúar rúmlega 333 þúsund í ársbyrjun 2016 og 329 í ársbyrjun 2015. Söfnun á íbúa var því um 13,2 kg/íbúa árið 2016 og rúmlega 11,7 kg/íbúa árið 2015.

2.6 LAGABREYTINGAR

Breyting var gerð á lögum 162/2002 með samþykkt á „Lög um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017“ XIX kafla. Birtur er listi tollskrárnúmera ásamt nýrri álagningu úrvinnslugjalds á eftirtalda viðauka ásamt viðkomandi tollnúmeri, viðauki IV, V, VIII, XI, XII, XVI. Breytingarnar tóku gildi 1. janúar 2017. Jafnframt var gerð breyting á lögum nr. 55/2003 XVI kafla til samræmis við álagningu úrvinnslugjalds samkvæmt viðauka XIX (raf- og rafeindatæki).

2.7 ERLEND SAMSKIPTI

Úrvinnslusjóður gerðist aðili að EPRO eða European Association of Plastic Recycling and Recovery árið 2004. Í samtökunum eru aðilar frá um það bil 14 Evrópuríkjum og nær starfssvið sumra þessara aðila aðeins til plastumbúða en annarra er víðara. Enginn þessara aðila nær þó til jafn margra vöruflokka og Úrvinnslusjóður. Markmið þessara samtaka er að skipuleggja og kynna endurvinnslu og endurnýtingu á plasti í Evrópu auk þess að vera vettvangur til skoðanaskipta og fræðslu um þessi málefni

2.8 VEIÐARFÆRASAMNINGUR

Þann 29. ágúst 2005 var gert samkomulag við Landsamband íslenskra útvegsmanna, nú Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) um meðhöndlun á úrgangi frá veiðarfærum úr gerviefnum á grundvelli laga um úrvinnslugjald nr. 162/2002.

Samkvæmt samningi við SFS er móttökustöð fyrir veiðarfæraúrgang úr gerviefnum á starfssvæði Skipaþjónustunnar á Grandagardi og berst þangað veiðarfæraúrgangur frá öllu landinu, einnig hefur

það færst í vöxt að útgerðarfélög sendi úrganginn beint frá sinni starfstöð til endurvinnslu.

Innsafnað magn af veiðarfærum úr gerviefnum á vegum SFS var um 517.731 tonn (PE/PP/PEP plast) og fór það allt til endurvinnslu. 555.12 tonn (PA plast) var safnað og fór það allt til endurvinnslu. Flot 4,8 tonn fór til endurvinnslu Til urðunar fóru 41 tonn af PA blönduðu, sem og innsöfnun á netateinum og köðlum úr PES PE+PA, 18 tonn. Til viðbótar því magni sem að ofan greinir hefur Úrvinnslusjóður fengið staðfest að a.m.k. 78 tonn af veiðarfærum úr gerviefnum hafi verið móttækin hjá öðrum endurvinnsluaðilum á árinu 2016. Samtals gerir þetta um 1.168 tonn af veiðarfærum úr gerviefnum sem eru endurunnin. Skil á veiðarfærum úr gerviefnum hefur vaxið jafnt og þétt frá árinu 2006 vegna bættrar meðhöndlunar á veiðarfæraúrgangi hjá útgerðum allsstaðar að af landinu. Aukning er á magni veiðarfæra sem berst til úrvinnslu á milli áranna 2015, 1.008 tonn og svo 1.168 tonn árið 2016. Skýrist það af sveiflum í skilum á stærri veiðarfærum til úrvinnslu á milli ára sem og birgðastöðu á veiðarfærum er biðu úrvinnslu hjá útgerðaraðilum. Mikill meirihluti veiðarfæra úr gerviefnum sem safnað er á vegum SFS fer í endurvinnslu eða um 96% af söfnuðum veiðarfæraúrgangi. Sjá röflu.

Ráðstöfun veiðarfæraúrgangs úr gerviefnum 2016 á vegum SFS

Ráðstöfun			
Tegund	Magn (kg)	Endurvinnsla	Urðun
Fiskitroll PE/PP/PEP	517.731	517.731	
Flottroll PA-Multifilament	132.620	132.620	
Nótaefni PA-Multifilament	380.250	380.250	
Netafskurður PA-Monofilament	42.250	42.250	
Lína PA Impregnated	36.000		36.000
Netateinar og Kaðlar PES PE+PA	18.000	12.400	5.600
Flot 40m ³	4.800	4.800	
Rockhoppers			90.680
Samtals:	1.131.651	1.090.051	123.280

2.9 ÁLAGNING OG BREYTINGAR Á ÚRVINNSLUGJALDI

Nr.	Vöruflokkar	Taxti	1.1.2003	1.1.2004	1.1.2005	1.1.2006	1.3.2007	1.1.2008	1.7.2010	1.1.2011	1.1.2014	1.1.2015
01	Heyrulluplast (teist til plastumbúða frá 1.1.2008)			25,00				sjá plastumb.				
02	Samsettar drykkjarvörumbúðir		22,23		10,00	sjá pappaub.						
02	Samsettar drykkjarvörumbúðir (kr/stk)		0,59-0,73		fellur út	sjá pappaub.						
04	Oliuvörur aðrar en brennsluolia		11,50	14,50			13,00			30,00		
04	Svartolia		0,00									
05	Lífræn leysiefni, almennt	BF	3,00					7,00		15,00	30,00	
05	Lífræn leysiefni, sérstök	BF						120,00			170,00	
06	Halógeneruð efnaambönd	BK	105,00		130,00			160,00		220,00		
07	Ísósyranöt	BJ	1,30	1,50				2,50		5,00		
08	Oliumálmning	BE	17,00	20,00				25,00		35,00	42,00	
09	Prentlitir		20,00	34,00			25,00					
10	Mangandíoxíðraflöður		91,00		45,50							
10	Lípíumafliður		171,00		85,50							
10	Raflöður með níkkelkadmíum		202,00		101,00							
10	Raflöður með kvikasilfri		559,00		279,50							
10	Alkalískar hnapparaflöður (kr/stk)		5,00		2,50							
11	Rafgeymar með súru	BB	19,00					25,00		35,00	20,00	
11	Rafgeymar án súru	BC	26,60					35,00		49,00		
11	Rafgeymar í tækjum (kr/ökutæki)	BA	104,50-1.672					138-2.207		193-3.090		
11	Raflöður í rafmagnsspennum		19,00									
12	Kemiskar vörur í ljósmynda- og prentiðnaði		36,75-294	51,00-408				72,00-576,00		84,00-672,00	150,00-1.200,00	
13	Kvikasilfursvörur		900,00									
14	Varnarefni, útrýmingar- og fúavarnarefni		3,00									
15	Kælimiðlar		2,50									
16	Hjólbarðar		36,02		30,00	20,00	15,00			40,00		
16	Hjólbarðar (kr/ökutæki)		72,04-36.020		60-30.000	40-20.000	30-15.000			80-40.000		
17	Veðarfæri					0,00						
18	Pappírs- og pappaubúðir					10,00	7,00		12,00	15,00		
19	Raf- og rafendatæki, varmaskiptitæki										6,0 eða 25,0	
19	Raf- og rafendatæki, skjáir										8,0 eða 72,0	
19	Raf- og rafendatæki, perur										25,00	
19	Raf- og rafendatæki, stór tæki										5,0-6,0 eða 8,0	
19	Raf- og rafendatæki, lítil tæki										4,0-6,0 eða 8,0	
19	Raf- og rafendatæki, lítil UT- og fjarskiptatæki										8,00	
20	Plastumbúðir					10,00	3,00		5,00	12,00	16,00	
51	Ökutæki (kr/ökutæki á ári)		1.040,00		700,00							

Úrvinnslugjald er alls staðar í kr/kg nema annars sé getið.

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2016

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2016

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Úrvinnslusjóður er stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðherra. Meginhlutverk sjóðsins er að sjá um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess samkvæmt lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Lögum þessum er ætlað að tryggja hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs. Stjórn Úrvinnslusjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi hans en framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur og ber ábyrgð á fjárreiðum og reikningshaldi gagnvart stjórn. Í framkvæmd eru gjöld staðfest af sjóðnum en tekjur eru færðar án aðkomu hans. Í lögnum segir enn fremur að tekjur sjóðsins skuli vera af úrvinnslugjaldi og beri þeim að standa undir tilgreindum kostnaði við úrvinnslu úrgangs. Sjóðnum er skipt í vöruflokka/uppgjörsflokka. Upphæð gjaldsins skal og taka mið af áætlun um kostnað við úrvinnslu úrgangs í hverjum vöruflokki.

- Í lögum um úrvinnslugjald segir: „... og skal tekjum hvers uppgjörsflokks eingöngu varið til að mæta gjöldum þess flokks. Hver uppgjörsflokkur er fjárhagslega sjálfstæður.“
- Ísland hefur samþykkt og er aðili að regluverki Evrópusambandsins um úrvinnslu úrgangs. Í reglugerðum er kveðið á um ábyrgð framleiðenda og innflytjenda á fjármögnun og framkvæmd úrvinnslu úrgangs. Í samræmi við ákvæðin um ábyrgð framleiðenda og innflytjenda gerðu stjórnvöld samkomulag við hagsmunasamtök atvinnulífsins um stofnun Úrvinnslusjóðs með aðkomu sveitarfélaga. Hagsmunasamtök atvinnulífsins hafa meirihluta í stjórn sjóðsins. Þar með er kröfum Evrópusambandsins um ábyrgð framleiðenda og innflytjenda mætt.
- Lykilatriði er að úrvinnslugjald, þ.e. kostnaður við úrvinnslu, fellur inn í vöruverð.
- Samkomulag er um að Seðlabankinn ávaxti úrvinnslusjóð og greiði Úrvinnslusjóði vexti í samræmi við vexti bankans.
- Eigið fé er ætlað að standa á móti framtíðarskuldbindingum, sem eru til komnar vegna þess að kostnaður af endurvinnslu fellur oft ekki á sjóðinn fyrr en nokkrum árum eftir álagningu úrvinnslugjalds.

Á árinu 2016 varð 169,6 m.kr. tekjuafgangur af rekstri sjóðsins. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir sjóðsins 1.732,2 m.kr., skuldir 359,0 m.kr., eigið fé nam 1.373,2 m.kr. í árslok 2016 og þar af var bundið eigið fé 126,0 m.kr.


Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta ársreikning Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Reykjavík, júní 2017

Stjórn

Guðmundur G. Þórarinnsson
Formaður stjórnar



Hlíðar Þór Hreinsson


Bryndís Skúladóttir


Lárus M.K. Ólafsson


Guðfinnur G. Johnsen


Lúðvík Gústafsson


Bryndís Gunnlaugsdóttir


Ólafur Kjartansson
Framkvæmdastjóri

Áritun ríkisendurskoðanda

ÁLIT

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við staðfestum að samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Úrvinnslusjóðs 31. desember 2016, afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

GRUNDVÖLLUR FYRIR ÁLITI

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháðir Úrvinnslusjóði og í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit okkar.

ÁBYRGÐ STJÓRNAR Á ÁRSREIKNINGNUM

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Hún er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

ÁBYRGÐ ENDURSKOÐENDA Á ENDURSKOÐUN ÁRSREIKNINGSINS

"Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit okkar. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Könnum hvort rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggtrar myndar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 26. júní 2017

Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2016

Rekstrarreikningur árið 2016

	Skýr.	2016	2015
Tekjur			
Úrvinnslugjöld vegna innfluttra vara	1	1.236.850.511	1.147.156.110
Úrvinnslugjöld vegna ökutækja	2	170.744.808	162.556.710
Úrvinnslugjöld vegna innlendrar framleiðslu	3	88.000.964	76.767.231
.....		<u>1.495.596.283</u>	<u>1.386.480.051</u>
Gjöld			
Skilagjald		136.695.300	127.970.350
Móttökustöðvargjöld		854.262.911	676.494.583
Söfnunarstöðvargjöld		5.377.573	4.977.400
Flutningsgjöld		242.977.417	229.137.806
Önnur meðhöndlunargjöld		32.037.728	25.793.462
Rekstrarkostnaður, sértækur	4	21.656.733	28.554.521
.....		<u>1.293.007.662</u>	<u>1.092.928.122</u>
Rekstrarkostnaður, sameiginlegur	5	90.599.649	83.970.738
.....		<u>1.383.607.311</u>	<u>1.176.898.860</u>
Tekjuafgangur fyrir hreinar fjármunatekjur		111.988.972	209.581.191
Hreinar fjármunatekjur	6	<u>57.637.554</u>	<u>42.054.183</u>
Tekjuafgangur ársins		<u>169.626.526</u>	<u>251.635.374</u>

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2016

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	2016	2015
Eignir			
Veltufjármunir			
Ríkissjóður	7	1.487.577.088	1.292.681.968
Viðskiptakröfur		242.646.418	234.946.640
Handbært fé		<u>2.028.298</u>	<u>1.914.085</u>
.....		<u>1.732.251.804</u>	<u>1.529.542.693</u>
.....			
Eignir alls.....		<u>1.732.251.804</u>	<u>1.529.542.693</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll:			
Höfuðstóll í ársbyrjun		1.095.607.808	861.972.434
Tekjuafgangur ársins		169.626.526	251.635.374
Flutt á annað eigið fé		<u>(18.000.000)</u>	<u>(18.000.000)</u>
..... Höfuðstóll	8	<u>1.247.234.334</u>	<u>1.095.607.808</u>
Annað eigið fé:			
Bundið eigið fé		<u>126.000.000</u>	<u>108.000.000</u>
..... Annað eigið fé	8	<u>126.000.000</u>	<u>108.000.000</u>
..... Eigið fé		<u>1.373.234.334</u>	<u>1.203.607.808</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		<u>359.017.470</u>	<u>325.934.885</u>
..... Skuldir		<u>359.017.470</u>	<u>325.934.885</u>
Eigið fé og skuldir alls.....		<u>1.732.251.804</u>	<u>1.529.542.693</u>

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2016

Sjóðstreymi árið 2016

Rekstrarhreyfingar

Veltufé frá rekstri:

Tekjuafgangur ársins
Veltufé frá rekstri

Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:

Ríkissjóður, inneign lækkun/(hækkun)

Skammtímakröfur lækkun/(hækkun)

Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun

Handbært fé frá rekstri

Handbært fé í ársbyrjun

Handbært fé í lok ársins

Skýr.

2016

2015

169.626.526

251.635.374

169.626.526

251.635.374

(194.895.120)

(362.800.615)

(7.699.778)

(39.800.885)

33.082.585

151.011.126

(169.512.313)

(251.590.374)

114.213

45.000

1.914.085

1.869.085

2.028.298

1.914.085

Reikningsskilaaðferðir

GRUNDVÖLLUR REIKNINGSSKILA

Ársreikningur Úrvinnslusjóðs er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996. Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

TEKJUSKATTAR

Úrvinnslusjóður er undanþeginn álagningu tekjuskatta.

SKRÁNING TEKNA

Tekjur Úrvinnslusjóðs eru úrvinnslugjald sem lagt er á gjaldendur samkvæmt lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Innheimta er í höndum sýslumanna og tollstjóra. Úrvinnslugjaldið er fært í fjárhagsbókshald hjá Fjársýslu ríkisins samkvæmt skilagreinum úr tekjubókshaldskerfi ríkisins án staðfestingar Úrvinnslusjóðs. Með samningi við stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs, sbr. lög nr. 55/2003 með síðari breytingum, um meðhöndlun úrgangs, vann Úrvinnslusjóður ákveðin verkefni fyrir nefndina. Úrvinnslusjóður lagði út fyrir nefndarlaunum stýrinefndar. Aðrar tekjur eru reikningar fyrir vinnu og nefndarlaun sem sendir voru til stýrinefndar. Hlutverki stýrinefndar lauk í árslok 2014.

SKRÁNING GJALDA

Þegar reikningar berast Úrvinnslusjóði eru þeir áritaðir og samþykktir. Síðan eru þeir sendir með beiðni um greiðslu og bókun til Fjársýslu ríkisins. Skilagjald ökutækja er gjaldfært samkvæmt skilagreinum án staðfestingar Úrvinnslusjóðs. Í lok ársins eru áfallin gjöld, er tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð í rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok. Fjársýslan sér um alla meðferð virðisaukaskatts fyrir Úrvinnslusjóð.

SKAMMTÍMAKRÖFUR

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

HANDBÆRT FÉ

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

LÍFEYRISSKULDBINDING

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna sjóðsins er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

ORLOFSSKULDBINDING

Orlofsskuldbinding vegna uppsafnaðs áfallins orlofs starfsmanna var reiknuð en ekki gjaldfærð. Það er gert í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs.

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2016

VIÐSKIPTASKULDIR

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

BÓKHALD OG FJÁRVARSLA

Úrvinnslusjóður er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Í því felst að Fjársýslan annast færslu bókhalds samkvæmt samþykktum reikningum frá sjóðnum annars vegar og hins vegar samkvæmt skilagreinum úr tekjubókhaldskerfi ríkisins. Sjóðurinn er einnig í launagreiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins.

FJÁRHEIMILDIR OG REKSTUR

Samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir að rekstur sjóðsins væri fjármagnaður með innheimtu úrvinnslugjalds. Fjárveitingar á fjárlögum 2016 fyrir markaðar tekjur Úrvinnslusjóðs (áætlaðar tekjur af úrvinnslugjaldi) námu 1.411,0 m.kr. Tekjur af úrvinnslugjaldi urðu 1.495,6 m.kr.

Rekstur vöruflokka nam 1.292,8 m.kr. sem er 113,2 m.kr. lægra en fjárheimildir gerðu ráð fyrir. Sértekjur sjóðsins, sem eru aðrar tekjur og vaxtatekjur umfram fjármagnstekjuskatt og vaxtagjöld voru 57,7 m.kr. Rekstrargjöld sjóðsins námu 89,9 m.kr. en það var 15,9 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárheimildum. Eignakaup námu 1,0 m.kr. eða í samræmi við fjárheimildir.

Sértekjur og ríkistekjur að frádregnum rekstrargjöldum námu samtals 169,6 m.kr. Sundurliðun er sem hér greinir:

	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Markaðar tekjur: Úrvinnslugjald	(1.241.000)	(1.411.000)	(1.495.596)	84.596
Sértekjur, fjármagnsliðir nettó	(70.000)	(70.000)	(57.638)	(12.362)
Rekstur vöruflokka	1.236.000	1.406.000	1.293.008	112.992
Annar kostnaður	74.000	74.000	89.573	(15.573)
Eignakaup	1.000	1.000	1.026	(26)
.....	0	0	(169.627)	169.627

Fjárhæðir í þús. kr.

	2016	2015
Rekstrarreikningur, sundurliðun í þús.kr.:		
Markaðar tekjur: Úrvinnslugjald	(1.495.596)	(1.386.480)
Sértekjur og fjármagnsliðir nettó	(57.638)	(42.054)
Rekstur vöruflokka	1.293.008	1.092.928
Annar kostnaður	90.600	83.971
	(169.627)	(251.635)

SUNDURLIÐANIR

1. ÚRVINNSLUGJALD VEGNA INNFLUTTRA VARA

Álagt úrvinnslugjald á innfluttar vörur á árinu 2016 nam 1.236,9 m.kr. Hækkun frá fyrra ári var 89,7 m.kr. eða 7,8%. Engar breytingar voru gerðar á upphæð úrvinnslugjalda, þannig að hækkunin stafar af auknum innflutningi og innlendri framleiðslu. Álagning á innfluttar vörur er í höndum tollstjóra.

2. ÚRVINNSLUGJALD VEGNA ÖKUTÆKJA

Úrvinnslugjald vegna ökutækja var 170,7 m.kr. og hækkaði um 8,2 m.kr. frá árinu 2015 eða 5,0%. Úrvinnslugjald vegna ökutækja er gjald sem lagt er á ökutæki og er það innheimt með bifreiðagjöldum. Ríkisskattstjóri annast álagningu á ökutæki.

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2016

3. ÚRVINNSLUGJALD VEGNA INNLENDRAR FRAMLEIÐSLU

Álagning vegna innleðrar framleiðslu nam 88,0 m.kr. á árinu, en 76,8 m.kr. á síðasta ári, sem er hækkun um 11,2 m.kr. eða 14,6%, sem skýrist af meiri framleiðslu. Úrvinnslugjald innleðrar framleiðslu er vegna málningar, leysiefna, pappa- og pappírsumbúða, plastumbúða, hjólbarða og raf- og rafeindatækja. Álagning á innleðra framleiðslu er í höndum ríkisskattstjóra. Frá álagningu á innleðra framleiðslu er dregin álagning úrvinnslugjalds á innfluttar vörur sem notuð er í innleðra framleiðslu og endurgreiðsla úrvinnslugjalds á innflutta vöru vegna eigin endurnýtingar skv. sérstökum samningi þar um. Í fylgiskjali með ársreikningi er gerð grein fyrir álagningu úrvinnslugjalds vegna innleðrar framleiðslu og ofangreindum frádrætti.

4. REKSTRARKOSTNAÐUR, SÉRTÆKUR

Úrvinnslusjóði ber að gera úrvinnslugjald upp eftir vöruflokkum. Sértækur rekstrarkostnaður er kostnaður sem tilheyrir ákveðnum vöruflokkum og er því færður beint til gjalda á viðkomandi vöruflokk. Gerð er grein fyrir þeirri skiptingu eftir vöruflokkum í fylgiskjali með ársreikningnum. Sértækur rekstrarkostnaður lækkaði um 6,9 m.kr. frá fyrra ári eða 24,2%. Þar af lækkuðu afskriftir um 3,4 m.kr. Lækkun skýrist að öðru leyti aðallega af minni kostnaði við sérfræðipjónustu, sem var hærri árið 2015 en vanalega vegna innleiðingar á vöruflokki raftækja. Afskriftir eru færðar skv. skilagreini úr bókhaldskerfi ríkisins.

	2016	2015
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3.404	3.404
Kynningarstarfsemi	536.306	641.741
Funda- og ferðakostnaður	2.049.780	2.966.941
Aðkeypt sérfræðipjónusta	7.846.670	10.935.645
Umsýslugjald	7.330.957	6.736.044
Afskrifað úrvinnslugjald	3.889.616	7.270.746
	21.656.733	28.554.521

6. REKSTRARKOSTNAÐUR. SAMEIGINLEGUR

Sameiginlegur rekstrarkostnaður er kostnaður sem ekki er hægt að heimfæra beint á ákveðinn vöruflokk og er skipt á vöruflokk á réttu hlutfalli við álagt úrvinnslugjald þegar kemur að uppgjöri eftir vöruflokkum. Gerð er grein fyrir uppgjöri ársins 2016 eftir vöruflokkum í fylgiskjali með ársreikningnum. Sameiginlegur rekstrarkostnaði er skipt upp í laun og annan rekstrarkostnað.

Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld voru 72,2 m.kr. og hækkuðu um 4,3 m.kr. eða 6,4% frá fyrra ári. Í árslok 2016 voru fimm starfsmenn hjá Úrvinnslusjóði, sem er óbreyttur fjöldi frá árinu áður. Hækkun skýrist af launabreytingum í kjölfar kjarasamninga. Reiknað áfallið orlof er ekki fært upp í ársreikninginn.

	2016	2015
Launagjöld	47.575.618	43.724.282
Stjórnarlausn og v. stýrinefndar raf- og rafeindatækjaúrgangs ...	11.422.358	11.539.422
Launatengd gjöld	13.042.495	12.459.033
Starfstengdur kostnaður	125.000	122.086
	72.165.471	67.844.823

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2016

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður Úrvinnslusjóðs hækkaði um 2,6 m.kr. eða 8,2% á milli ára. Breytingar urðu á nokkrum liðum. Hækkun skýrist aðallega af kostnaði við ársfund og gerð ársskýrslu en ársfundur féll niður 2015.

	2016	2015
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3.275.382	3.323.404
Kynningarstarfsemi	1.316.147	186.551
Funda- og ferðakostnaður	2.202.133	1.735.169
Aðkeypt sérfræðipjónusta	1.724.293	1.448.791
Húsnæðiskostnaður	6.658.038	6.883.786
Annar rekstrarkostnaður	2.111.947	1.815.188
Framlög og styrkir	120.000	245.000
Eignakaup	1.026.238	488.026
	<u>18.434.178</u>	<u>16.125.915</u>
Sameiginlegur rekstrarkostnaður samtals	<u>90.599.649</u>	<u>83.970.738</u>

7. FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld námu 57,6 m.kr. og hækkuðu um 15,6 m.kr. frá fyrra ári eða 37,1%. Hækkunin stafar af hækkun inneignar hjá ríkissjóði. Vaxtatekjum er skipt hlutfallslega á vöruflokka eftir stöðu í ársbyrjun. Sértekar vaxtatekjur eru álögur og dráttarvextir vegna úrvinnslugjalds sem berst eftir eindaga og færast á viðeigandi vöruflokk frá og með árinu 2010. Vaxtagjöldum er skipt á vöruflokka í hlutfalli við álagt úrvinnslugjald í fylgiskjali með ársreikningnum.

	2016	2015
Vaxtatekjur af inneign hjá ríkissjóði	68.074.994	48.650.124
Fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum frá ríkissjóði	(13.613.147)	(9.730.025)
Vaxtatekjur af inneign í banka	71.195	56.250
Fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum frá banka	(14.239)	(11.250)
	<u>54.518.803</u>	<u>38.965.099</u>
Sértekar vaxtatekjur, álag	3.162.058	3.166.542
Vaxtagjöld	(43.307)	(77.458)
	<u>3.118.751</u>	<u>3.089.084</u>
	<u>57.637.554</u>	<u>42.054.183</u>

8. STAÐA VIÐ RÍKISSJÓÐ

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu Úrvinnslusjóðs gagnvart ríkissjóði. Þannig eru innheimtar tekjur og greiðslur færðar um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum sjóðsins. Í árslok 2016 nam inneign sjóðsins hjá ríkissjóði 1.487,6 m.kr. og hafði hækkað um 194,9 m.kr. á árinu.

Staða 1. janúar 2016	1.292.681.968
Markaðar tekjur	1.334.873.480
Millifærslur	330.917.043
Greiðslur	(1.470.895.403)
Staða 31. desember 2016	<u>1.487.577.088</u>

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2016

9. EIGIÐ FÉ

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll Úrvinnslusjóðs sýnir uppsafnaðan rekstrarárangur sjóðsins gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2016 sýnir höfuðstóll sjóðsins ónotaða fjárheimild að fjárhæð 1.247,2 m.kr. auk bundins eigin fjár og hafði staðan batnað um 151,6 m.kr. frá árinu á undan eða sem nemur tekjuafgangi ársins að frádrægunum 18,0 m.kr. sem voru fluttar á bundið eigið fé á árinu.

Höfuðstóll

Höfuðstóll 1. janúar 2016	1.095.607.808
Tekjuafgangur ársins	169.626.526
Flutt á bundið eigið fé	(18.000.000)
Höfuðstóll 31. desember 2016	<u>1.247.234.334</u>

Annað eigið fé

Bundið eigið fé 1. janúar 2016	108.000.000
Viðbót á árinu 2016	18.000.000
Bundið eigið fé 31. desember 2016	<u>126.000.000</u>

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

Rekstur	2016	2015	2014	2013	2012
Tekjur	1.495.596	1.386.480	1.102.045	1.014.293	981.570
Gjöld	(1.383.607)	(1.176.899)	937.357)	(875.277)	(850.535)
Fjármagnstekjur, nettó	57.638	42.054	32.864	26.543	19.243
Tekjuafgangur	<u>169.627</u>	<u>251.635</u>	<u>197.551</u>	<u>165.558</u>	<u>150.278</u>
Efnahagur					
Veltufjármunir	1.732.252	1.529.543	1.126.896	908.911	712.737
Eignir alls	<u>1.732.252</u>	<u>1.529.543</u>	<u>1.126.896</u>	<u>908.911</u>	<u>712.737</u>
 Eigið fé.....	1.373.234	1.203.608	951.972	754.421	588.862
Skammtímaskuldir	359.017	325.935	174.924	154.490	123.875
Eigið fé og skuldir alls	<u>1.732.252</u>	<u>1.529.543</u>	<u>1.126.896</u>	<u>908.911</u>	<u>712.737</u>

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2016

Uppgjör ársins 2016 eftir vöruflokkum

	Vörufl. 04 Olíuvörur	Vörufl. 05 Leysiefni	Vörufl. 06 Halógen efnasambönd	Vörufl. 07 Ísósýanöt/ pólyúretón	Vörufl. 08 Málning	Vörufl. 09 Prentlitir	Vörufl. 10 Rafhlöður	Vörufl. 11 Rafgeymar
Innflutningur	123.918.240	43.458.040	3.741.760	1.245.825	49.443.434	9.607.870	12.498.885	45.524.132
Innlend framleiðsla	-189.720	3.138.010			14.501.690			
Ökutæki								
Notkun í framleiðslu		-4.355.460						
Eigin endurnýting						-5.082.570		
Tekjur samtals	123.728.520	42.240.590	3.741.760	1.245.825	63.945.124	4.525.300	12.498.885	45.524.132
Skilagjald	0	0	0	0	0	0	0	0
Ráðstöfun	60.833.170	10.509.603	4.170.354	284.512	51.414.401	3.867.148	12.967.602	7.648.700
Söfnun	0	0	0	0	0	0	0	0
Flutningur	74.824.508	660.722	145.695	44.984	4.573.225	13.425	892.370	9.529.304
Meðhöndlun	10.211.402	0	0	0	0	0	0	0
Úrvinnslugjöld samtals	145.869.080	11.170.325	4.316.049	329.496	55.987.626	3.880.573	13.859.972	17.178.004
Umsýslugjald	615.641	207.883	14.361	6.688	254.370	49.650	59.335	231.121
Afskrifað úrvinnslugjald	0	60.750	0	0	186.436	50	10.222	13.663
Sérkostnaður, annar	32.964	9.212	978	232	123.727	590	209.214	4.189.355
Rekstur vöruflokka	146.517.685	11.448.170	4.331.388	336.416	56.552.159	3.930.863	14.138.743	21.612.143
Sameiginlegur kostnaður	7.495.178	2.558.834	226.667	75.469	3.873.643	274.132	757.153	2.757.743
Gjöld alls	154.012.863	14.007.004	4.558.055	411.885	60.425.802	4.204.995	14.895.896	24.369.886
Niðurstaða án fjármagnsliða:								
Tekjur umfram gjöld/(gj. umfram tekjur)	-30.284.343	28.233.586	-816.295	833.940	3.519.322	320.305	-2.397.011	21.154.246
Fjármunatekjur nettó	728.390	-703.417	-49.132	-9.639	568.044	368.288	-74.406	2.806.644
Álagsvextir	265.543	89.666	6.194	2.885	109.718	21.416	25.593	99.689
Vaxtatekjur, samegl., fj.m.tsk.frádr.	5.478	1.870	166	55	2.831	200	553	2.015
Vaxtagjöld, sameiginleg	-3.583	-1.223	-108	-36	-1.852	-131	-362	-1.318
Fjármagnsliðir	995.828	-613.104	-42.881	-6.735	678.741	389.773	-48.622	2.907.030
Afkoma ársins	-29.288.515	27.620.482	-859.176	827.205	4.198.064	710.078	-2.445.632	24.061.276
Eigið fé:								
Staða 1/1	16.100.183	-15.548.154	-1.086.003	-213.065	12.555.921	8.140.553	-1.644.657	62.037.420
Staða 31/12	-13.188.332	12.072.328	-1.945.179	614.140	16.753.985	8.850.631	-4.090.289	86.098.696

Vegna erfiðleika við ráðstöfun ákv. spilliefnaflokka söfnuðust upp birgðir af þeim hjá þjónustuaðilum. Af þessum sökum færir hluti af ráðstöfunarkostnaði þessara

Vörufl. 12 Vörur í ljós- m.iðnaði	Vörufl. 13 Kvikasilfur- vörur	Vörufl. 14 Varnarefni	Vörufl. 15 Kælimiðlar	Vörufl. 16 Hjólbarðar	Vörufl. 18 Pappa- umbúðir	Vörufl. 19 Raftæki	Vörufl. 20 Plastumbúðir og vörufl. 1	Vörufl. 51 Ökutæki	Samtals
3.494.650	34.200	495.756	84.191	343.939.536	245.582.479	166.026.798	187.754.715	0	1.236.850.511
				7.768.560	45.855.289	12.004	28.738.521	0	99.824.354
								170.744.808	170.744.808
				-2.385.360					-6.740.820
									-5.082.570
3.494.650	34.200	495.756	84.191	349.322.736	291.437.768	166.038.802	216.493.236	170.744.808	1.495.596.283
0	0	0	0	0	0	0	0	136.695.300	136.695.300
2.224.778	0	303.256	163.386	186.118.296	191.274.902	146.484.186	175.998.617	0	854.262.911
0	0	0	0	0	0	0	0	5.377.573	5.377.573
246.978	1.913	34.012	21.929	30.662.324	36.675.022	39.005.685	35.248.606	10.396.715	242.977.417
0	0	0	0	0	0	0	0	21.826.326	32.037.728
2.471.756	1.913	337.268	185.315	216.780.620	227.949.924	185.489.871	211.247.223	174.295.914	1.271.350.929
17.172	89	2.366	663	1.667.082	1.475.785	796.761	1.084.185	847.805	7.330.957
0	0	0	0	38.300	283.451	15.784	175.276	3.105.684	3.889.616
1.204	17	114	25	63.692	550.758	2.899.044	1.558.967	796.067	10.436.160
2.490.132	2.019	339.748	186.003	218.549.694	230.259.918	189.201.460	214.065.651	179.045.470	1.293.007.662
211.698	2.072	30.032	5.100	21.161.137	17.654.604	10.058.234	13.114.643	10.343.312	90.599.649
2.701.830	4.091	369.780	191.103	239.710.831	247.914.522	199.259.694	227.180.294	189.388.782	1.383.607.311
792.820	30.109	125.976	-106.912	109.611.905	43.523.246	-33.220.892	-10.687.058	-18.643.974	111.988.972
-277.678	13.837	36.173	1.849.548	18.788.634	3.954.090	-369.558	4.229.770	22.593.002	54.452.590
7.407	39	1.021	286	719.060	636.550	343.668	467.641	365.682	3.162.058
155	2	22	4	15.465	12.903	7.351	9.585	7.559	66.213
-101	-1	-14	-2	-10.115	-8.439	-4.808	-6.269	-4.944	-43.307
-270.217	13.877	37.202	1.849.835	19.513.044	4.595.104	-23.347	4.700.727	22.961.299	57.637.554
